



5. apríl 2004

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um till. til þál. um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins (518. mál)

Visað er í bréf nefndarinnar dags. 11. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Fjármálaeftirlitið nýtur sérstöðu sem eftirlitsstofnun þar sem þeir aðilar sem því er ætlað að hafa eftirlit með greiða að fullu kostnað við rekstur þess. Virku kostnaðaraðhaldi fjármálaráðherra og Alþingis er þannig ekki til að dreifa, en þess í stað er í lögum mælt fyrir um skipun sérstakar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila sem ætlað er að veita eftirlitinu eðlilegt kostnaðaraðhald og koma á framfæri viðhorfum til starfsemi þess og reksturs. Meðal annars er lögbundið að samráðsnefndin gefi álit á tillögum eftirlitsins til ráðherra um áætlað rekstrarumfang komandi árs. Nefndin er skipuð fulltrúum allra eftirlitsskyldra geira fjármálamarkaðarins og fara SBV með formennsku.

Samráðsnefndin hefur á undanförunum árum lagt sig fram um að fara vandlega yfir starfsemi og rekstur fjármálaeftirlitsins og komið með vel rökstuddar aðhaldstillögur í tengslum við árlega fjárhagsáætlun eftirlitsins á hverju hausti. Þótt þær athugasemdir hafi lögum samkvæmt bæði verið sendar fjármálaeftirliti og viðskiptaráðherra, og jafnframt verið birtar sem fylgiskjal með frumvarpi til breytinga á kostnaðarhlutföllum í lögum um greiðslu kostnaðar við fjármálaeftirlit, hafa hvorki stjórnvöld né löggjafi tekið tillit til þeirra ábendinga um lækkun kostnaðar við endanlega afgreiðslu frumvarpsins. Reyndar varð hörð gagnrýni á mikil hækkunaráform vegna ársins 2002 til þess að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis kallaði eftir því að FME birti framvegis ávallt þriggja ára áætlun samhliða hefðbundinni rekstraráætlun næsta árs. Var sú tilhögun tvímælalaust til bóta.


Í ljósi framangreinds hlýtur hins vegar að vera ástæða til að spyrja hvort raunin sé sú að þetta fyrirkomulag virki ekki og betra væri að kostnaðareftirlit með starfseminni heyrði beint undir fjármálaráðherra og löggjafa, eins og gildir um flestar aðrar eftirlitsstofnanir. Í þeim efnum má einnig horfa til þess að samráðsnefndin hefur ítrekað bent á að eðlilegt sé að ríkið greiði fyrir þann þátt í starfsemi FME sem lýtur að stjórnslu og reglusetningu, sem hefur farið vaxandi, meðan kostnaður við eftirlitsstarfsemina sjálfa sé greiddur að eftirlitsskyldum aðilum eins og almennt þekkt í nágrannalöndunum. Þá þarf að hafa í huga að núverandi fyrirkomulag, þar sem eftirlitið sjálft kallar eftir því hjá viðskiptaráðherra hvað það þarf mikinn pening í reksturinn árlega og peningurinn er síðan sóttur að fullu í vasa hinna eftirlitsskyldu aðila, skapar ákveðinn freistnivanda (*e. moral hazard*). Það kom t.d. skýrt fram í nýlega hækkaðri kostnaðarhlutdeild eftirlitsskyldra aðila á Írlandi til fjármálaeftirlitsins þar, að ekki þætti fært að fara með hlutdeildina upp í 100% sökum þess freistnivanda sem það mundi skapa.

SBV eiga í gegnum Samtök fjármálafyrirtækja aðild að Samtökum atvinnulífsins, en á aðalfundi SA í maíbyrjun verður kynnt skýrsla um eftirlitsiðnaðinn á Íslandi. Að mati SBV er mikilvægt að horft sé heildstætt á þessi mál og á þeim forsendum gæti verið full ástæða til að huga að þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar. Í því felst engin ádeila á starfsemi eftirlitsins sem slíkrar, enda ekki annað að sjá en fjármálaeftirlitið hafi lagt sig fram um að vanda alla málsmeðferð og starfsreglur. SBV efast þannig ekki

um eiginlegt sjálfstæði FME í starfsemi sinni og undirstrika að öflugt og sjálfstætt fjármálaeftirlit er grundvallaratriði til að tryggja sterkan og trúverðugan fjármálamarkað. Það er einungis hvað kostnaðarþáttinn varðar sem full ástæða getur verið til að skoða hvort aðrar og betri leiðir séu færar en sú sem nú er fylgt eftir. Ef löggjafinn kys að að huga að breytingu er þó brýnt að vandað yrði til þess þannig að um raunverulegt kostnaðaraðhald væri að ræða, en ekki einvörðungu tæki til að sækja aukna fjármuni í starfsemina frá eftirlitsskyldum aðilum í ljósi þess að þeir borga brúsann. Það mundi strax koma illa niður á samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar auk þess sem núverandi kostunarfyrirkomulag felur í sér ójafnræði þar sem almennt er kostnaður af eftirliti með atvinnustarfsemi í landinu greiddur af ríkinu. Þess vegna er líka bæði sjálfsagt og eðlilegt að ríkið greiði sjálft fyrir aðra þætti í starfseminni en eiginlegt eftirlit.

Sem formaður samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila get ég fullyrt að fulltrúar annarra geira fjármálamarkaðarins, sem sæti eiga í nefndinni, eru sama sinnis um það sem hér kemur fram.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri